

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á skógarparti til- **92**  
 heyrandi Reynivallakirkju — Samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum ráðgjafans, í 17. júlí.  
 tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 13. maí p. á. hefur hans  
 hátígn konunginum þóknast 16. p. m. allramildilegast að fallast á, að skógarpartur sá,  
 tilheyrandi Reynivallakirkju, er getur um í nefndu brjefi yðar og sem liggur í landi  
 jarðarinnar Vatnshorns í Skorradal í Borgarfjarðarsýslu, verði seldur eiganda jarðarinnar  
 Vatnshorns fyrir 150 kr.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknan-  
 legrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Brjef landshöfðingja til verzlunarstjóra V. Claessens um atkvæðagreiðslu **93**  
 kjósenda í þeim kjördæmum, þar sem kjósa á 2 menn til alþingis. — Útaf fyrirspurn 26. júlí.  
 yðar í brjefi dagsettu 17. f. m. vil jeg tjá yður, að jeg fæ ekki betur sjeð, en að sú  
 skoðun kjörstjórnarinnar í Skagafjarðarsýslu, sem kom fram í úrskurði hennar á kjör-  
 fundi til alþingis að Sauðarkrók 9. s. m., að í þeim kjördæmum, þar sem kjósa skal 2  
 alþingismenn, eigi hver kjósandi, sem vill neyta kosningarrjettar síns, að gefa tveimur  
 þingmannaefnum atkvæði sitt, og að atkvæði hans að öðrum kosti verði ekki tekið til  
 greina, sje rjett og samkvæm kosningarlögum til alþingis 14. september 1876, 31. gr.  
 síðasta kafla.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um reikn- **94**  
 inga yfir útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. — Í tilefni af þóknanlegu brjefi yðar, 26. júlí.  
 herra amtmaður, dagsettu 22. marzmán. p. á., vil jeg þjónustusamlega tjá yður, að jeg  
 er yður samdóma um, að rjettast sje, að reikningar sýslumanna og bæjarfógeta fyrir  
 útflutningsgjaldi af fiski, lýsi o. fl. sjeu, á sama hátt og aðrir reikningar þeirra fyrir  
 landssjóðstekjum, sendir hlutaðeigandi amtmanni áleiðis til landshöfðingja svo sem mælt  
 er fyrir í reglugjörð 13. febrúar 1873, 2. gr.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um eptir- **95**  
 gjöf vaxta af hallærisláni. — Í tilefni af bónarbrjefi frá sýslumanninum í Skagafjarð- 3. ágúst.  
 arsýslu, fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, sem hann hefir sent hingað beina leið, og að  
 þar til fengnum myndugleika frá ráðgjafanum fyrir Ísland, veiti jeg hjermeð Skagafjarð-  
 arsýslu, samkvæmt 4. gr. fjárlaganna, eptirgjöf á leigum til ársloka 1887 af hallærisláni  
 því, 1000 kr., er sýsla þessi hefir fengið úr landssjóði, samkvæmt skuldabrejfi 26. júní  
 1884, móti því, að frá þeim tíma greiðist af láni þessu 4% í leigur árlega og að 1/8  
 hluti þess endurgreiðist síðan á ári hverju.

Þetta undanfelli jeg eigi að kunngjöra yður hjermeð, herra amtmaður, til þókn-  
 anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd.

Samþykkt fyrir Stökkseyrarhrepp um fiskiveiðar á opnum skipum. Sam- **96**  
 kvæmt lögum nr. 28. 14 des. 1877 hefir sýslunefnd Árnessýslu gjört eptirfylgjandi 10. júlí.  
 „S a m þ y k k t

um ýmislegt, er að fiskiveiðum á opnum skipum lýtur í veiðistöðunum í Stökkseyrar-  
 hreppi í Árnessýslu.

27. dag ágústmán.. 1886.